

Skagafjarðarveitur

Fundur 167 – 05.04.2013

Föstudaginn 5. apríl árið 2013, kom stjórn Skagafjarðarveitna saman til fundar kl. 10:15 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Einarsson, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Gunnar Björn Rögnvaldsson, verkefnastjóri, Indriði Einarsson, sviðsstjóri Veitu- og framkvæmdasviðs og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Vinnuútboð Hegranes, val á verktaka
2. Efnisútboð Hegraness, undirskrift samnings við Set
3. Lagning ídráttarrörs (gagnaveitu) í lagnaskurð RARIK frá aðveitustöðinni við Brekku að Vatnshlíð í Vatnsskarði
4. Afslættir Skagafjarðarveitna – hitaveitu vegna ársins 2012
5. Vatnsbúskapur kalds vatns á Sauðárkróki í tengslum við aukna notkun rækjuverksmiðjunnar Dögunar
6. Mælavæðing hitaveitu í þéttbýli.

Afgreiðslur:

1. Tilboð vegna vinnuliðar fyrir hitaveitu í Hegranesi og Hofsstaðaplássi kynnt. Tvö tilboð bárust og voru svo hljóðandi.

Vinnuvélar Símonar ehf.	87.277.400 kr m.vsk.
Steypustöð Skagafjarðar ehf.	85.429.890 kr m.vsk.

Í bréfi frá Braga Þór Haraldssyni frá Verkfræðistofunni Stoð, dagsett 4. apríl 2013, leggur hann til að tilboði lægstbjóðanda sé tekið. Ákveðið var að ganga til samninga við Steypustöð Skagafjarðar ehf.

2. Tilkynnt var á fundi að Indriði Einarsson hafi, fyrir hönd Skagafjarðarveitna, skrifað undir samning við Set hf um efnisútvegum vegna hitaveitu í Hegranesi þann 26. mars síðastliðinn á Selfossi.
3. Kynnt var fyrirspurn frá Rarik varðandi lagningu ídráttarrörs fyrir gagnaveitu í lagnaskurð RARIK frá aðveitustöðinni við Brekku að Vatnshlíð á Vatnsskarði, heildarlengd rúmir 8 km. Samþykkt að vera ekki með í framkvæmdinni.
4. Lagðir voru fram til kynningar útreikningar á afsláttum hitaveitu fyrir árið 2012.
5. Lagðar voru fram til kynningar mælingar á vatnsnotkun rækjuverksmiðjunnar Dögunar. Samþykkt að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Dögunar vegna mikillar notkunar á köldu vatni.
6. Lögð voru fram til kynningar á fundinum gögn um mælavæðingu hitaveitu í þéttbýli frá Páli Pálssyni, fyrrum veitustjóra. Samþykkt að Indriði vinni áfram að málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30